



HLUTHAFAFUNDUR
Í
VÁTRYGGINGAFÉLAGI ÍSLANDS HF.

Hinn 10. nóvember 2015 kl. 16:00 var haldinn hluthafafundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. („VÍS“), kt. 690689-2009, í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Stjórnarformaður félagsins, Guðrún Þorgeirsdóttir, setti hluthafafundinn. Fór hún yfir aðdraganda að boðun hluthafafundarins, beiðni tveggja hluthafa um fundinn og ákvörðun stjórnar um að fram myndi fara stjórnarkjör á fundinum. Guðrún stórnaði svo kjöri fundarstjóra. Samþykkt var samhljóða að Gunnar Sturluson hrl. færi með fundarstjórn. Gunnar lagði til að Ólafur Lúther Einarsson hdl. yrði kjörin ritari fundarins og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri lýsti því næst yfir að fundurinn væri lögmætur þar sem boðað hefði verið til hans í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995 og 9. gr. samþykka félagsins. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun eða lögmæti fundarins. Fundurinn var sóttur af samtals 58 hluthöfum og/eða umboðsmönnum þeirra. Þeir sem höfðu rétt til að kjósa höfðu yfir að ráða 68,86% af hlutafé félagsins, eða sem nemur kr. 1.679.258.128 að nafnverði. Hlutafé félagsins er samtals kr. 2.438.480.516 að nafnverði. Fundarstjóri gerði fundarmönnum grein fyrir því að umboði sitjandi stjórnar lyki við stjórnarkjörið, enda hefði stjórnin, með því að efna til stjórnarkjörsins samkvæmt endanlegri dagskrá, tekið ákvörðun um að skila umboði sínu á fundinum..

Því næst hófst auglýst dagskrá fundarins, sem var eftirfarandi:

1. Kosning stjórnar

Fundarstjóri upplýsti fundinn um að fram hefði komið krafa um margfeldiskosningu innan lögbundins frests og yrði henni því beitt við stjórnarkjörið. Skýrði hann út fyrirkomulag hennar og kynnti atkvæðaseðilinn sem fundarmenn myndu nota við kjörið. Sjö einstaklingar buðu sig fram í aðalstjórn félagsins, en einn frambjóðandinn dró framboð sitt til baka stuttu fyrir fundinn. Hver og einn frambjóðandi kom í pontu og kynnti sig stuttlega áður en kjörið hófst. Fundarstjóri minnti fundarmenn á ákvæði samþykka félagsins um kynjakvóta og hvernig þær reglur hefðu áhrif á kjörið. Að því búnu var gengið til skriflegrar atkvæðagreiðslu og var niðurstaðan eftirfarandi:

Aðalstjórn	Atkvæði
Bjarni Brynjólfsson	2.230.082.079
Guðmundur Þórðarson	1.554.932.286
Helga Jónsdóttir	599.557.504
Herdís Dröfn Fjeldsted	109.897.373
Jostein Sörvall	2.833.297.066
Jóhann Halldórsson	257.728.126
Varastjórn	
Andri Gunnarsson	1.458.019.059
Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir	234.734.693
Davíð Harðarson	1.134.670.853

Eftirfarandi einstaklingar náðu því kjöri til stjórnar félagsins til næsta aðalfundar, sbr. 6. mgr. 15. gr. samþykka félagsins:

Bjarni Brynjólfsson
Helga Jónsdóttir
Herdís Dröfn Fjeldsted
Guðmundur Þórðarson
Jostein Sörvall

Þrír einstaklingar buðu sig fram í varastjórn félagsins. Eftirfarandi einstaklingar hlutu kjör sem varamenn í stjórn félagsins til næsta aðalfundar, sbr. 6. mgr. 15. gr. samþykktu félagsins:

Andri Gunnarsson
Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir

Fundarstjóri bauð hluthöfum að taka til máls varðandi kosninguna í stjórn og varastjórn félagsins. Enginn óskaði eftir því að tjá sig.

2. Önnur mál

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls um málefni félagsins. Enginn tók til máls.

Fundargerð var lesin og engar athugasemdir gerðar við hana. Fundi var slitið kl. 17.30.

Gunnar Sturluson hrl., fundarstjóri

Ólafur Lúther Einarsson hdl., fundarritari